

Ó. V. Jónsson, hinum stefnda, Páli Hafliðasyni,
20 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá
lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 34/1888.

Pjetur Christophersson
gegn
hreppsnefndinni í Bæjarhreppi.

D ó m u r :

Með stefnu 4. ágústmán. f. á. áfrýjar Pjetur Christophersson, bóndi á Stóruborg í Húnavatnssýslu, að fenginni uppreisn, lögtaksgjörð, er framin var af sýslumanninum í Strandarsýslu, sem fógeta, á Borðeyri 25. maí 1888, á aukaútsvari, er hreppsnefndin í Bæjarhreppi í Strandarsýslu hafði lagt á hann haustið 1887, og uppboðsgjörð, er fram fór á hinum lögteknu munum á sama stað 13. júlí s. á., og krefst, að hið áfrýjaða lögtak og uppboð verði ómerkt; að hreppsnefndin verði dæmd til að greiða honum í skadabætur 500 kr. eða það, er rjetturinn álítur nægilegt, og málskostnað að skaðlausu. Á hinn bóginn hefur hin stefnda hreppsnefnd, er fengið hefur gjafvörn fyrir yfirdómi, eða hinu skipaði verjandi hennar krafzt, að hin áfrýjaða lögtaksgjörð og uppboðsgjörð verði staðfest, áfrýjandinn skyldaður til að greiða málskostnað, 120 kr., eins og málið hefði eigi verið gjafsóknarmál, og að honum verði dæmd hæfileg málflutningslaun. Til vara hefur hann krafzt, að hreppsnefnd Bæjarhrepps verði í öllu falli eigi skylduð til að láta af hendi við áfrýjandann meira en 1 sykirkassa eða virðingarverð hans, 10 kr.

Málavextir eru, að því nægilega virðist sannað, þessir: Haustið 1887 flutti hið svonefnda Slimonsfjelag eða af þess hendi capt. Coghill nokkrar vörur til Borðeyrar, er höfðu verið pantaðar af einstökum mönnum innan Húnavatnssýslu. En nokkuð af vörunum, að mestu nauðsynjavörur, er nokkrir af pantendum ekki vildu taka við vegna einhverra galla, er þeir töldu vera á þeim, fjekk Coghill áfrýjanda til að selja fyrir sig—, en áfrýjandi hefur um nokkur ár haft útmælda verzlunarlóð á Borðeyri, sem hann þó ekki hefur notað eða reist á hús—, og lét Coghill þar reisa fjalaskúr til að geyma vörunar í, en áfrýjandi fjekk verzlunarmann einn á Borðeyri til að standa fyrir sölunni. Þótti hreppsnefndinni í Bæjarhreppi sem hjer væri um fasta verzlun að gjöra og lagði 150 kr. aukaútsvar á áfrýjanda, og var það, eins og áður er sagt, tekið lögtaki og uppboð haldið til að selja hina lögteknu muni; en seldur var að eins 1 sykirkassi fyrir 200 kr., er maður fyrir hönd áfrýjanda bauð í og þegar í stað greiddi af hendi.

Í 1. grein laga 9. janúar 1880, um sveitarstjórn, er ákveðið, að «að því leyti sem fátækraíundin og aðrar tekjur hreppsins ekki hrökkvi fyrir útgjöldum, skuli jafna niður því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili í hreppnum, eptir efnun og ástandi».

Þótt nú álíta mætti, að ofangreinda sölu áfrýjanda á vörum þeim, sem Coghill lagði upp á Borðeyri um haustið 1887, bæri að meta sem verzlun, verður þó ekki sagt, að lögheimili áfrýjanda, sem er búsettur langt frá í annari sýslu, fyrir þá sök hafi verið á Borðeyri, og þess vegna brast hreppsnefndina í Bæjarhreppi heimild til að leggja aukaútsvar á hann. Það verður

því að dæma hina áfrýjuðu lögtaksgjörð og uppboðsgjörð ómerka. Að því kemur til skaðabóta þeirra, sem áfrýjandi hefur krafist, þá virðist engin sönnun vera komin fram fyrir, að hann hafi bedið neitt tjón af uppboðssölnunni annað en það, að hann lagði út 200 kr. fyrir 1 kassa af sykri, er hann ljet bjóða í á uppboðinu, og var sú upphæð af uppboðshaldara álitin nægja fyrir útsvarinu og kostnaðinum við að ná því, og sem honum ekki hefur verið skilað aptur. Það verður því að skylda hreppsnefndina til að greiða áfrýjanda 200 kr. — Eptir þessum úrslitum er rjett, að hreppsnefndin í Bæjarhreppi greiði áfrýjanda kostnaðinn af málskotinu, að skaðlausu, eptir kröfu áfrýjanda og samkvæmt lögum 16. desbr. 1885, 13. grein.

Að því leyti mál þetta hefur verið varið með gjafsókn, vottast, að flutningur þess hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjanda lögtaks- og uppboðsgjörð á að vera ómerk. Hin stefnda hreppsnefnd í Bæjarhreppi á að greiða áfrýjanda 200 kr. og málskostnað að skaðlausu, er hvorttveggja lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 38/1888

P Nielsen fyrir hönd

J. R. B. Lefolli

gegn

Einari Jónssyni

og Guðmundi Ísleifssyni.

D ó m u r :

Hinir stefndu í máli þessu, kaupmennirnir Einar